# dk Tenging við Excel

## Upplýsingar dregnar út úr dk

"Það sem er lang erfiðast að skilja í þessum heimi er **Tekjuskattur**."

Albert Einstein

## Staðlaðar skýrslur

Allar staðlaðar skýrslur má prenta á skjáinn og velja síðan Excel hnappinn á tækjastikunni.




## Uppflettivinnslur

Í öllum uppflettivinnslum, þegar búið er að lesa inn færslur og stilla þær af, raða, sía og flokka, þá má hægri smella á færslurnar og velja Flytja út í.. → Excel




## Greiningar

Í öllum greiningum má velja frá F5 valmyndinni, Senda yfir í → Excel

## Uppgjör- og skjöl

Fyrir þá notendur sem vilja vinna meira með gögnin er möguleiki að setja upp formúlur í Excel sem lesa gögn úr töflum í dk. Hægt er að nálgast gögn úr svo til öllum aðaltöflum í dk. Þetta þýðir að notandi getur sett upp mjög flókið og viðamikið Excel skjal og lesið inn í það alltaf nýjustu tölur frá dk. Kosturinn við þessa tengingu dk við Excel er að ekki er þörf á því að setja upp eitthvert millistig milli dk og Excel.

# dk innlestur á gögnum

### Gögn frá Excel og banka

## Fjárhagur og skuldunautar

Hægt er að lesa inn gögn úr Excel inn í dagbók. Gögnin þarf að stilla og forma rétt í Excel. Dálkar þurfa að vera: Dagsetning;Texti;Fylgiskjal;Tegund;...




Hægt er að lesa inn bankahreyfingar í Bankareikningar í fjárhagskerfinu.




Hægt er að lesa inn bankahreyfingar (greiðslur á kröfur) í Innheimtukerfi banka í skuldunautakerfinu.




"Ungur maður segir við ungu konuna sína á meðan þau eru að horfa á unga son sinn: „Oohh, hann er svo viðkvæmt barn. Við skulum bíða þangað til hann er orðinn eldri með að segja honum að þú sért **bókari**."